

Bæjarstjóri og bæjarráð Garðabæjar
Bt. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra

Garðaskóla 24. september 2019

Efni: áskorun Starfsmannafélags Garðaskóla til bæjarstjóra og bæjarráðs vegna óviðunandi eldunar-, framreiðslu- og hreinlætisaðstöðu í eldhúsi starfsmanna, óviðunandi aðbúnaðar starfsmanna í matarhléum, óviðunandi hreinlætisaðbúnaðar á salernum og slæmra aðstæðna í fatahengi starfsmannarýmis.

Starfsmannafélag Garðaskóla áréttar að löngu er tímabært að sveitarfélagið setji framkvæmdir við endurgerð á eldhúsi, kaffistofu, salernum og fatahengi starfsmanna Garðaskóla á framkvæmdaáætlun. Við núverandi stöðu verður ekki lengur unað.

Aðstaða matráðs til eldamennsku, baksturs og frágangs fyrir 65 starfsmenn er með öllu óboðleg hvað varðar rými, nauðsynlegan tækjakost, borð- og geymslupláss, loftræstingu og hreinlætisaðstöðu. Í eldhúsi starfsmanna hefur ítrekað orðið vart við meindýr, s.s. mýs og silfurskottur, sem er með öllu óásættanlegt. **Vegna alvarlegra athugasemda sem Heilbrigðiseftirlitið gerði þann 20. september er nú svo komið að eldhúsi starfsmanna hefur verið lokað um ótiltekinn tíma.**

Matarhléum starfsmanna er tvískipt en þrátt fyrir það skapast iðulega biðröð við afgreiðslu og þrengsli við borðhald. Þá er hljóðvist í rýminu afar slæm og loftræstingu mjög ábótavant.

Salernisaðstaða í starfsmannarými er kynjaskipt. Konur hafa aðgang að tveimur salernisbásum. Dyr kvennasalernisins eru á óhentugum stað, snúa að fjölförnum gangi milli kaffistofu og vinnuherbergis. Karlar hafa aðgang að einum salernisbás og einni þvagskál. Loftræsting á báðum salernum er slæm og jafnvel þótt gólf og hreinlætistæki séu þrífín daglega eru rýmin jafnan óvistleg.

Fatahengi starfsmanna er í opnu rými sem jafnframt er nýtt til að flytja aðföng inn í skólann. Þar skapast þrengsli bæði þegar starfsmenn koma á morgnana og fara í lok vinnudags.

Frá því árið 2011 hefur verið bent á þörf fyrir úrbætur með formlegum hætti án þess að til framkvæmda hafi komið. Þess vegna var eftirfarandi áskorun **samþykkt með öllum greiddum atkvæðum** á fundi sem haldinn var í Garðaskóla þann 24. september.

Starfsmannafélag Garðaskóla skorar á bæjarstjóra og bæjarráð að grípa án tafar til nauðsynlegra aðgerða til að hrinda af stað framkvæmdum við endurgerð á; eldunar-, framreiðslu- og hreinlætisaðstöðu í eldhúsi starfsmanna, aðbúnaði starfsmanna í matar- og kaffihléum, hreinlætisaðbúnaði á salernum starfsmanna sem og á fatahengi starfsmanna.

Fyrir hönd Starfsmannafélags Garðaskóla,

Elena Einisd.

Elena Einisdóttir

Svandís Ríkhardsdóttir

Svandís Ríkhardsdóttir

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.09.19
Málalykill	15.10
Mál nr.	1909389